

Föstudaginn 3. nóvember 1989.

Nr. 276/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Garðari Garðarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 26. júní 1989 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákærvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar sakfellingu ákærða, sviptingu ökuréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, en refsing ákærða verði, að teknu tilliti til skilorðsrofa á reynslulausn frá 21. nóvember 1986, þyngd og ákvörðuð til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsinga, 18 mánuðum, samtals 540 dögum, og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar“.

Verjandi ákærða gerir þær kröfur, að ákærði hljóti aðeins sekt fyrir akstur án ökuréttinda, en verði að öðru leyti sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Ákærði var við stjórn bifreiðar, er lögreglumenn stöðvuðu ferð hans aðfaranótt 12. júlí 1987. Alkóhól í blóði, sem tekið var úr honum, skömmu eftir að akstri lauk, reyndist 1,72‰. Með akstri sínum hefur ákærði því brotið gegn 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sem dæma ber eftir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968.

Ákærði hafði áður verið sviptur ökuréttindum ævilangt. Hann hefur því einnig brotið gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Með háttsemi sinni hefur

ákærði røfið skilorð reynslulausnar þeirrar, er honum var veitt 21. nóvember 1986 á eftirstöðvum refsingar, 540 daga fangelsi. Ber því að ákveða ákærða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 20 mánuði.

Samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, ber að árétta, að ævilöng ökuleyfisvipting ákærða haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Garðar Garðarsson, sæti fangelsi í 20 mánuði.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. mars 1989.

Ár 1959, þriðjudag 14. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 119/1989: Ákærvaldið gegn Garðari Garðarssyni, sem tekið var til dóms 24. febrúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 26. október 1988, gegn ákærða, Garðari Garðarssyni, til heimilis að Stangarholti 28, með dvalarstað að Hraunbæ 60, hér í borg, kt. 10.01.65-4499, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudags 12. júlí 1987 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt bifreiðinni R 16394 frá Lækjargötu í Reykjavík um götur í borginni, þar til lögregla stöðvaði akstur hans í Stórholti, við Rauðarárstíg.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru, sem hér segir, samkvæmt framburði og játningu ákærða og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt sunnudags 12. júlí 1987 um kl. 4.35 voru lögreglumenn á eftirlitsferð, er þeir veittu athygli bifreiðinni R 16394, þar sem henni var ekið norður Snorrabraut og beygt austur Njálsgötu. Lögreglumenn stöðvuðu frekari akstur bifreiðarinnar í Stórholti, við Rauðarárstíg, og höfðu tal af ökumanni, Garðari Garðarssyni, ákærða í máli þessu.

Ákærði neitaði að láta í té öndunarsýni og kvaðst ekki hafa neytt áfengis, en áfengisþef lagði frá vitum hans.

Ákærði var færður fyrir varðstjóra kl. 4.44. Áður en þeirri skýrslutöku lauk, var hann færður til töku blóðsýnis og að nýju til skýrslugjafar hjá varðstjóra. Í skýrslu hjá varðstjóra viðurkenndi ákærði að hafa drukkið pilsner fyrir akstur, u.þ.b. 10-12 dósir, og að hafa ekið bifreiðinni R 16394 sviptur ökuréttindum frá Hjarðarhaga að Rauðarárstíg við Stakkholt. Ákærði bar að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærða var tekið blóð kl. 5.22, og mældist alkóhólmagn í blóði hans 1,72‰.

Ákærði gaf framburðarskýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík 9. september 1988. Í upphafi þeirrar skýrslu kemur fram, að ákærði hafi ekki sinnt kvaðningu hjá lögreglu.

Skýrslutaka hófst kl. 11.35 og lauk kl. 11.55. Réttargæslumaður kærða, Hilmar Ingimundarson hrl., var viðstaddur fyrstu tíu mínúturnar.

Ákærði bar, að hann hefði verið að koma úr Lækjargötu á bifreiðinni R 16394, er lögreglan stöðvaði frekari akstur 12. júlí 1987. Ákærði bar, að hann hefði ekki neytt áfengis fyrir akstur, heldur hefði hann drukkið Sanitas-pilsner. Ákærði neitaði síðan að tjá sig frekar um málið og bar við þreytu og að hann gæti ekki hugsað rökrétt.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 14. nóvember 1988. Var honum þá birt ákæran, en skýrslutöku festað, þar sem ákærði óskaði eftir að halda uppi vörnum í málinu. Ákærði var síðan boðaður ásamt verjanda sínum u.þ.b. viku síðar, en hann reyndist þá hafa farið af landinu. Gefin var út handtökuskipun á hendur ákærða, og var hann handtekinn við komu til landsins 24. janúar sl.

Ákærði gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi 25. janúar sl.

Ákærði mótmælti ákæru. Bar hann, að hann hefði ekki verið á landinu 12. júlí 1987, hann hefði farið til Bandaríkjanna 3. janúar 1987 og komið aftur 20. júlí sama ár. Ákærði bar, að undirskrift á varðstjóraskýrslu væri ekki sín undirskrift. Þá kannaðist hann ekki við að hafa haft yfirráð yfir

bifreiðinni R 16394, en 12. júlí 1987 var móðir ákærða skráður eigandi bifreiðarinnar.

Af hálfu boðunardeildar dómsins var kannað, hvort ákærði hefði flogið með Flugleiðum frá Íslandi til Bandaríkjanna 30. janúar 1987 og heim aftur 10. júlí sama ár. Erlendur Valdimarsson, starfsmaður hjá Flugleiðum, staðfesti, að ákærði hefði ekki flogið til Bandaríkjanna 3. janúar 1987 og ekki komið til Íslands 20. júlí sama ár samkvæmt farskrám félagsins.

Vitnið Kolbeinn Rósinkar Kristjánsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið á eftirlitsferð á Snorrabraut aðfaranótt 12. júlí 1987, er lögreglumenn hefðu veitt bifreiðinni R 16394 athygli og þegar snúið við og veitt bifreiðinni eftirför. Vitnið bar, að afskipti hefðu verið höfð af ökumanni, ákærða í máli þessu, í Stórholti, og þar sem áfengisþef hefði lagt frá vitum hans, hefði hann verið færður fyrir varðstjóra.

Vitnið bar, að móðir ákærða hefði hringt á lögreglustöðina eftir þetta og spurt, hvort bifreiðin R 16394 hefði sést á ferðinni, og hafi þá komið í ljós, að ákærði hefði tekið bifreiðina í leyfisleysi. Vitnið bar, að henni hefði verið greint frá því, að búið væri að handtaka ákærða, og hafi hún þá óskað eftir, að sér yrði ekki blandað í málið, þar sem hún væri hrædd við ákærða.

Vitnið Björn Már Jónsson, fyrrum lögreglumaður, gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar, að það myndi eftir, að ákærði hefði ekið um Snorrabraut 12. júlí 1987 og beygt út af Snorrabraut öðrum hvorum megin við Austurbæjarbíó. Vitnið bar, að þeir lögreglumennirnir hefðu haft afskipti af honum nálægt Framkvæmdastofnun og ákærði borið greinileg merki ölvunar.

Vitnið kvað farþega hafa verið í bifreiðinni, en ekki hefði farið á milli mála, hver væri ökumaður. Vitnið kvað lögreglumenn hafa farið út og haft afskipti af ákærða, um leið og bifreiðin stöðvaðist. Vitnið kvað ökumann hafa verið færðan í blóðtöku.

Vitnið Tinna Kristín Gunnarsdóttir gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa verið á eftirlitsferð aðfaranótt 12. júlí 1987, er þau hefðu veitt bifreið athygli fyrir einkennilegt aksturslag og afskipti verið höfð af ökumanni hennar. Vitnið bar, að ákærði hefði verið illur viðureignar, neitað að blása í blöðru og falið lykla bifreiðarinnar. Vitnið bar, að ákærði hefði neitað að vera undir áhrifum áfengis.

Vitnið bar, að það þekkti ákærða persónulega. Hann hefði búið í næstu götu við vitnið og þau gengið í sama barna- og gagnfræðaskóla. Er það hefði fundið lykla bifreiðarinnar, hefði það kallað í Kolbein, en ákærði

þá kallað til þess, að hann skyldi muna því þetta, þegar hann losnaði, því að hann væri á skilorði.

Vitnið bar, að er það hefði komið á lögreglustöðina, hefðu legið fyrir því skilaboð um að hringja í ákveðið númer. Vitnið bar að hafa leitað í götuskránni, og hafi þá komið í ljós, að númerið var heima hjá móður Garðars. Vitnið bar, að hún hefði hringt og kona svarað, sem það teldi fullvíst, að hefði verið móðir ákærða. Vitnið kvað konuna aðeins hafa sagt: „Ég ætla bara að vara þig við.“ Síðan hefði verið lagt á.

Vitnið bar, að ákærði hefði greint frá því, að hann væri nýkominn heim frá Bandaríkjunum.

Vitnið Guðmundur Einarsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi.

Vitnið bar að hafa tekið varðstjóranskýrslu af ákærða. Hefði ákærði ekki viljað tjá sig í skýrslu í fyrstu, en undirritað hana og verið færður í blóðtöku. Að blóðtöku lokinni hefði ákærði verið frjáls ferða sinna, en þá óskað eftir að tjá sig um það, hvaðan hann hefði ekið og hvað hann hefði drukkið. Hefði því verið bætt inn í skýrsluna að blóðtöku lokinni.

Ákærði Garðar Garðarsson gaf að nýju skýrslu fyrir dómi, eftir að framburður vitna lá fyrir 26. janúar sl. Viðurkenndi ákærði þá að hafa ekið bifreiðinni R 16394 sviptur ökuréttindum ævilangt aðfaranótt 12. júlí 1987 um ýmsar götur í borginni, uns lögregla stöðvaði frekari akstur hans í Stórholti, við Rauðarárstíg. Ákærði neitaði hins vegar að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Niðurstöður.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 16394 sviptur ökuréttindum ævilangt 12. júlí 1987 um ýmsar götur í Reykjavík, svo sem hann er ákærður fyrir. Ákærði hefur hins vegar neitað að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis framangreint sinn. Þegar litið er til niðurstöðu blóðrannsóknar, sem er í samræmi við framburð vitna og önnur gögn málsins, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi enn fremur ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis, svo sem hann er ákærður fyrir. Varða brot hans við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 2. mgr., sbr. 4. mgr., 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Sakaferill ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 19. október 1988, hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

[Sakavottorð tilgreinir 11 refsidóma og 10 dómsáttir. Ákærði hefur sex

sinnum sætt refsingu fyrir ölvunarakstur og tíu sinnum fyrir akstur án ökuréttinda. Honum var 21. nóvember 1986 veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum refsivistar, 540 dögum.]

Refsing ákærða.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með háttsemi sinni hefur ákærði rofið skilorð reynslulausnar þeirrar, er hann hlaut 21. nóvember 1986 á eftirstöðvum refsingar, 540 dögum. Ber því að ákvarða ákærða nú refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. gr., og 71. og 77. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, 18 mánaða fangelsi.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi ævilangt.

Sakarkostnaður:

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, þar með talinnar greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Garðar Garðarsson, sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði skal ævilangt sviptur ökuleyfi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.